

HF Productions ehf  
b.t. Alfreðs Björns Gíslasonar  
Súðavogur 7  
104 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2024  
UST202403-094/S.V.  
09.08.02

### **Efni: Leyfi til aksturs utan vega við Kvernufoss**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Alfreðs Björns Gíslasonar, f.h. HF Productions ehf dagsett 6. mars 2024, um leyfi til aksturs utan vega við Kvernufoss.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar í einn dag á tímabilinu 24. mars til 15. apríl 2024. Gert er ráð fyrir akstri tveggja sexhjóra, 200-300 metra leið, á göngustíg en töluverðan tækjabúnað þarf að ferja inn gilið fyrir verkefnið. Áætlað er að um 55 manns komi að verkefninu en umsóknin snýr að leyfi til að aka búnaði á svæði. Umsækjandi mun, skv. umsókn, upplýsa Umhverfisstofnun um nákvæma dagsetningu þegar nær dregur.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni ekki hafa skaðleg áhrif á náttúrufar svæðisins enda sé ekki ekið utan göngustígs.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir HP Productions ehf leyfi, fyrir sitt leyti, fyrir akstri utan vega við Kvernufoss sbr. lýsingu hér að ofan.

*Veitt heimild til aksturs utan vega vegna verkefnisins nær eingöngu til flutnings á búnaði en ekki til fólksflutninga.*

Leyfið er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Ef upp koma álitamál sem tengjast verkefninu og/eða við frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki aksturs á svæðinu að tókum loknum.
- Takmarka skal akstur farartækjanna eftir því sem kostur er.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna. Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **62.400**- sbr. 28. gr. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun sinna eftirliti með svæðinu að loknu verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
***sviðsstjóri***

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
***sérfræðingur***